

Ed.

507. Nefndarálit

[204. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur athugað frumvarp þetta á sjö fundum. Fimm fundir hafa verið sameiginlegir með fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar.

Ýmsir aðilar hafa komið til viðtals við nefndina og veitt margvíslegar upplýsingar, m. a. skattanefndarmenn, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, seðlabankastjóri, ríkisskatstjóri, skattrannsóknarstjóri, hagsýslustjóri, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, fulltrúar A. S. Í. o. fl.

Auk þess hafa nefndinni borist ýmis erindi, sem voru tekin til athugunar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt eins og það var afgreitt frá neðri deild.

Alþingi, 25. apríl 1975.

Halldór Ásgrímsson,
form., frsm.

Jón Helgason.

Oddur Ólafsson.

Jón G. Sólnes.